

ÁRSSKÝRSLA 2021

Hlutverk Neytendastofu er að
treysta öryggi og réttindi neytenda
í viðskiptum og annast framkvæmd
laga um neytendavernd.



NEYTENDASTOFA





NEYTENDASTOFA

Ársskýrsla 2021

Neytendastofa

Útgefandi:

Neytendastofa

Borgartúni 21

105 Reykjavík

S: 510 1100

www.neytendastofa.is

© Júní 2022 Neytendastofa

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	4
Hlutverk og skipulag Neytendastofu	7
Starfsemi Neytendastofu 2021	9
Flutningur verkefna	9
Tölur ársins	11
Áherslur í starfi.....	13
Önnur verkefni.....	16
Yfirlit um afkomu ársins 2021	18
Efnahagsreikningur, 31. Desember 2021	19

Ávarp forstjóra

Endurskipulagning neytendamála á Íslandi stendur nú yfir. Hluti af þeirri endurskipulagningu var flutningur mælifræði- og vöruöryggissviðs frá Neytendastofu til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Sá tilflutningur átti sér stað þann 1. október 2021 og er óhætt að segja að starfsemi stofnunarinnar á árinu hafi að einhverju leiti litast af þeim breytingum. Auk þess flutti stofnunin innan þess húsnæðis sem hún hafði þegar til umráða með tilheyrandi framkvæmdum. Þrátt fyrir þessar breytingar lögðust allir starfsmenn á eitt til þess að stofnunin næði að sinna daglegum störfum og framfylgja eftirlitshlutverki sínu. Í samræmi við stjórnarsáttmála sitjandi ríkisstjórnar hefur þó ekki verið tekin endanleg ákvörðun um hvernig neytendaréttarsvið stofnunarinnar verður starfrækt.

Það er ekkert nýtt að breytingar eigi sér stað í neytendamálum og má segja að málaflokkurinn sé síbreytilegur og í stöðugri þróun með tilheyrandi breytingum á eftirliti á sviði neytendamála. Eftir að hafa starfað við neytendamál sl. 15 ár sé ég að stærstu breytingar á verkefnum koma helst til af þremur ástæðum:

Í fyrsta lagi leiðir stöðug tækniþróun til þess að oft er þörf á að gera breytingar á verkefnum og verklagi án þess að til eiginlegra lagabreytinga komi. Sem dæmi má nefna að með tilkomu samfélagsmiðla geta allir sem birta efni á netinu talist til auglýsenda og eftirlit Neytendastofu nær til þeirra. Annað dæmi um áhrif tækni framfara er hraði lánveitinga sem hefur áhrif á hvernig lögbundnar upplýsingar eru veittar neytendum.

Í öðru lagi má nefna að aðstæður í þjóðfélaginu, hvort sem það er hér á Íslandi eða um allan heim, hafa mikil áhrif á áherslur í neytendamálum. Nærtæk dæmi eru annars vegar bankahrunið sem hafði þau áhrif að áherslur neytendamála breyttust verulega og lán til neytenda urðu mjög áberandi og hins vegar Covid-19 sem óþarfi er að fjölyrða um.

Í þriðja lagi hafa lagabreytingar að sjálfsögðu mikil áhrif á þróun neytendamála og eru nátengdar þeim atriðum sem nefnd voru hér á undan sem bæði hafa áhrif á lagasetningu og stuðla í mörgum tilvikum að henni s.s. setning nýrra laga um neytendalán og pakkaferðir. Bæði getur verið um að ræða innleiðingu á nýrri evrópulöggjöf sem neytendalöggjöfin byggir að stærstum hluta á en einnig getur verið um að ræða séríslenska löggjöf sem tekur mið af aðstæðum hér á landi og stuðlar að þeim breytingum sem nauðsynlegar eru til að tryggja réttindi neytenda.

Á árinu 2020 voru gerðar breytingar á lögum um viðskiptahætti og markaðssetningu sem höfðu veruleg áhrif á málsmeðferð stofnunarinnar. Áhrif þeirra komu berlega í ljós árið 2021. Með lagabreytingunni voru stofnuninni

fengnar viðtækar heimildir til forgangsröðunar og frá-
vísunar mála. Þar til þessi lagabreyting var gerð bar
stofnuninni að taka til meðferðar öll þau mál sem henni
bárust. Þetta hefur leitt til þess að Neytendastofa hefur
vísað frá fleiri málum á árinu 2021 en áður tíðkaðist.
Þau erindi sem Neytendastofa hefur vísað frá fjölluðu
um ágreining milli lögaðila og var það álit Neytenda-
stofu að efni málanna snertu heildarhagsmuni neytenda
með takmörkuðum hætti. Lagabreytingin hefur engin
áhrif á möguleika neytenda og annarra aðila til að
beina erindum og ábendingum til stofnunarinnar eða
á það leiðbeiningarhlutverk á sviði neytendamála sem
stofnunin fer með. Neytendastofa telur að framangreind
breyting hafi verið til mikilla bóta og auðveldi henni
að forgangsráða málum og skipuleggja betur áherslur
stofnunarinnar og mál sem tekin eru til meðferðar.

Það er ljóst að mikið verkefni er framunda við að sjá til
þess að neytendamál fái þá umgjörð sem nauðsynleg er
til að hægt sé að standa vörð um réttindi neytenda með
öflugum hætti. Það er óskandi að vinna verði lögð í það
sú þekking og reynsla sem er til staðar hjá þeim sem
starfa í málalögreglum verði nýtt í að finna neytenda-
málum góðan farveg til framtíðar þar sem hægt verður
að halda áfram uppbyggingu málaflokksins.





Hlutverk og skipulag Neytendastofu

Hlutverk Neytendastofu er að tryggja réttindi neytenda í viðskiptum og annast eftirlit og framkvæmd laga um neytendavernd. Starfsemin byggir á fjölbreyttum hópi fólks sem hefur hæfni og getu til þess að vinna vandasöm og fjölbreytt verk.

Neytendastofa leggur áherslu á að hjá stofnuninni starfi hæft starfsfólk með margvíslegan bakgrunn sem býr yfir faglegri þekkingu á hverju sviði sem heyrir undir stofnunina. Hlutverk stofnunarinnar eru fjölbreytt og víðtæk og starfsmenn þurfa því að hafa þekkingu á margvíslegri löggjöf. Árangur Neytendastofu byggir á þeim auði sem býr í starfsfólkinu. Metnaður starfsfólks, kraftur þess og fagmennska er lykillinn að þeim góða árangri sem starfsemin hefur skilað.

Ráðherra skipar forstjóra sem ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti, og annast daglega stjórn hennar. Þórunn Anna Árnadóttur er settur forstjóri Neytendastofu.

Eftir þær breytingar sem gerðar voru á árinu skiptist stofnunin í tvö svið. Stjórnsýslusvið annast stjórn fjármála, skjalastjórn, öryggismál, innkaup, starfsmannamál, samskipti vegna húsnæðismála, rekstur tölvukerfa og stjórn heimasíðu stofnunarinnar.

Neytendaréttarsvið sér um að tryggja að ekkert sé aðhafst sem er óhæfilegt gagnvart heildarhagsmunum neytenda og stuðla að því að neytendur geti tekið upplýstar ákvarðanir í viðskiptum með því að þeir hafi sem mestar upplýsingar og yfirsýn yfir markaðinn. Sviðið vinnur auk þess gegn óréttmætum viðskiptaháttum með því að sporna gegn villandi og ósanngjörnum viðskiptaháttum fyrir og við sölu á vöru eða þjónustu. Eftirlitssvið neytendaréttarsviðs er mjög víðtækt og í raun enginn markaður þar undanskilinn. Á einstaka mörkuðum er að finna sérstaka löggjöf sem sviðið sinnir eftirliti með, s.s. pakkaferðir, neytendalán og fasteignalán til neytenda.

Virðing fyrir öryggi og réttindum neytenda byggð á þekkingu og miðlun upplýsinga til neytenda og atvinnulífs eru mikilvæg leiðarljós Neytendastofu.

Við árslok störfuðu tíu starfsmenn hjá Neytendastofu, sjö konur og þrír karlar.



Virðing fyrir öryggi og réttindum neytenda byggð á þekkingu og miðlun upplýsinga til neytenda og atvinnulífs eru mikilvæg leiðarljós Neytendastofu.



ÁTAK VAR GERT
Á RAFRETTUEFTIRLITI Í

42

MATVÖRUBÚÐUM OG
BENSÍNSTÖÐUM

20

STAÐIR FENGU
ATHUGASEMDIR

AF ÞEIM VÖRUM
SEM SENDAR VORU
TIL PRÓFUNAR FÉLLU

97%



Starfsemi Neytendastofu 2021

Flutningur verkefna

Með lögum nr. 18/2021, um endurskipulagningu neytendamála var tekin sú ákvörðun að flytja mælifræði- og vöruöryggisvið frá Neytendastofu til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Flutningarnir áttu sér stað þann 1. október sl. og er óhætt að segja að þeir hafi haft áhrif á starfsemi stofnunarinnar í heild sinni auk þeirra sviða sem þar um ræðir. Þrátt fyrir það var full starfsemi hjá sviðunum samhliða því sem unnið var að því að flutningur þessara mikilvægu verkefna milli stofnana gengi sem best fyrir sig.

Öryggisvið Neytendastofu annaðist opinbera markaðsgæslu á rafrettum og áfyllingum fyrir þær, skoteldum, leikföngum, leikvallatæki, eðalmálmum og persónuhlífum til einkanota. Auk þess annaðist sviðið opinbera markaðsgæslu með almennum neytendavörum eins og t.d. barnavörum, reiðhjólum og húsgögnum sem ekki gilda um sérreglur eða eru á ábyrgð annarra eftirlitsstjórnvalda.

Átak var gert í rafrettueftirliti í 42 matvörubúðum og bensínstöðvum. Athugasemdir voru gerðar á 20 stöðum. Í september voru skoðaðir yfir 2.600 vökvar fyrir rafrettur og 98 rafrettur á sölustöðum í Reykjanesbæ, Akranesi, Selfossi, Sauðárkróki, Akureyri, Vestmannaeyjum og á höfuðborgarsvæðinu og um leið athugaðar verðmerkingar. Gera þurfti athugasemdir við áfyllingar sem höfðuðu til barna og voru með of mikið magn nikótíns. Í framhaldinu voru 112 áfyllingar og 38 rafrettur sendar til prófunar í Danmörku. Skoðuð voru og send til prófunar 28 barna-hreiður, 23 barnasvefnpokar og átta hliðarvöggur. Féllu 97% af þeim vörum í prófun.

Auk þess var farið í sérstakt átak þar sem skoðuð voru stærri leiktæki og í framhaldinu þurfti að innkalla tvö leiktæki sem voru hættuleg börnum. Stofnunin fékk einnig fjölda ábendinga vegna andlitsgríma, endurskinsmerkja, leikfanga og almennra neytendavara. Í flestum tilvikum brugðust fyrirtæki vel við athugasemdum Neytendastofu og ýmist innkolluðu eða tóku




úr sölu vörur að eigin frumkvæði ef vara reyndist ekki í samræmi við öryggiskröfur. Ef það var hins vegar ekki gert tók stofnunin ákvörðun um öryggi vörunnar og setti sölubann á vöruna eða innkallaði hana af markaði. Á árinu voru slíkar formlegar ákvarðanir teknar í sjö málum, vegna andlitsgríma, kerta, leikfanga og grímubúninga.

Mælifræðisvið stuðlar að því að mælingar og mælifræðilegar niðurstöður séu réttar og nákvæmar og tryggi réttmæta og örugga viðskiptahætti, verndi hagsmuni og heilsu og stuðli auk þess að réttarvernd og umhverfisvernd. Á hverju ári eru haldin námskeið vegna löggildingar vigtarmanna. Annars vegar grunnnámskeið fyrir vigtarmenn og hins vegar endurmenntunarnámskeið vegna löggildingar. Þá veitir Neytendastofa einnig bráðabirgðalöggildingu fyrir vigtarmenn.

Mælifræðisvið Neytendastofu starfrækti einnig faggilta kvörðunarþjónustu svo hægt væri að sinna lögbundnu eftirliti með mælitækjum. Með faggildingu er átt við að óháður aðili viðurkenni tæknilega hæfni, getu og gæðakerfi kvörðunarþjónustunnar. Með kvörðun er átt við samburð mælitækis við annað og nákvæmara mælitæki eða mæligrunn með þekktu eiginleika. Þessi þjónusta gegnir lykilhlutverki fyrir ýmis fyrirtæki á Íslandi sem þurfa að nota kvörðuð mælitæki. Kvörðuð tæki til 30. september voru samtals 1.118 og voru gefin út 384 vottorð vegna þeirra. Það er umtalsverð fjölgun frá því árið áður þrátt fyrir að einungis sé um að ræða $\frac{3}{4}$ hluta ársins. Hér að neðan má sjá skiptingu kvarðaðra tækja eftir tegundum frá 1. janúar til 30. september 2021.

Kvörðuð tæki árið 2021




Tölur ársins

Birtum ákvörðunum Neytendastofu fækkaði nokkuð milli ára sem rekja má m.a. til breytinga á starfsemi stofnunarinnar með flutningi verkefna og til breytinga á áherslum í starfi neytendaréttarsviðs með breytingum á lögum um viðskiptahætti og markaðssetningu. Kærum til áfrýjunarnefndar neytendamála fjölgaði milli ára. Ástæða fjölgunarinnar er aukinn fjöldi mála sem vísað er frá án efnislegrar meðferðar. Ein stefna barst stofnuninni til ógildingar ákvörðunar hennar og því eru nú rekin þrjú dómsmál vegna ákvarðana Neytendastofu. Stofnuninni barst í janúar 2021 stefna frá Íslandsbanka vegna ákvörðunar nr. 49/2019 sem staðfest var af áfrýjunarnefnd í lok árs 2020. Afgreiðslu málsins var ekki lokið fyrir árslok. Í febrúar 2021 kvað héraðsdómur Reykjavíkur upp dóm í máli vegna ákvörðun Neytendastofu nr. 6/2018 vegna auð-


kennisins ÖRUGG EYÐING GAGNA. Dómurinn felldi úr gildi úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamáli sem hafði snúið við ákvörðun Neytendastofu. Málið bíður nú úrlausnar Landsréttar. Þá var í ágúst 2021 kveðinn upp dómur í héraðsdómi Reykjavíkur þar sem ákvörðun Neytendastofu nr. 31/2019 gagnvart Ecommerce 2020 var felld úr gildi. Dómnum var áfrýjað til Landsréttar og bíður nú úrlausnar þar.

Áherslur í starfi neytendaréttarsviðs eru nokkuð misjafnar milli ára og taka gjarnan breytingum eftir aðstæðum í þjóðfélaginu. Hér má sjá skiptingu mála eftir málaflokkum borið saman við síðustu tvö ár.

Skipting mála á neytendaréttarsviði



Málafjöldi



Áherslur í starfi


Neytendaréttarsvið sinnir eftirliti með ýmsum lögum sem varða hagsmunum neytenda á öllum sviðum viðskipta. Verkefni sviðsins eru að vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum og stuðla að því að neytendur hafi sem mestar upplýsingar áður en gengið er til viðskipta.

Fyrirspurnum og ábendingum vegna málefna sem varða Covid-faraldurinn fækkaði töluvert frá fyrra ári og þar með jafnframt þeim málum sem tekin voru til meðferðar af því tilefni. Stofnuninni bárust þó ábendingar frá Umhverfisstofnun um merkingar hand-sóttthreinsis auk þess sem Neytendastofa tók til meðferðar eitt mál vegna fullyrðinga hreinsivöru. Ekkert málanna leiddi til íþyngjandi ákvörðunar stofnunarinnar þar sem framleiðendur handsóttthreinsanna breyttu merkingum sínum og ekki var tilefni til aðgerða vegna fullyrðinganna. Fyrirnefndu málin sýndu enn og aftur mikilvægi samstarfs Neytendastofu við aðrar stofnanir þar sem víðtækt eftirlitssvið Neytendastofu getur leitt til þess að stofnunin getur gripið til aðgerða þar sem verksviði annarra stofnana sleppir.

Þó nokkuð fór fyrir málum sem snúa að viðskiptaháttum fyrirtækja í tengslum við afslætti, útsölur og aðrar verðlækkanir. Þannig lauk stofnunin tíu málum frá fyrri árum. Ekki þótti tilefni til aðgerða í þremur en

í hinum sjö var um að ræða brot gegn lögum. Í kjölfar máls vegna tilboðsmerkinga á notuðum bílum sendi stofnunin bréf með leiðbeiningum til 54 bílasala. Þá tók stofnun upp 22 ný mál sem snúa að þessu efni. Málsmeðferð lauk innan ársins í 18 þeirra þar sem í átta tilvikum reyndist um að ræða brot gegn hagsmunum neytenda. Nokkur þessara mála vöktu töluverða athygli og mikil opinber umræða skapaðist um sum þeirra. Í þremur málanna voru lagðar á stjórnvaldssektir og einu máli nýtti Neytendastofa í fyrsta sinn nýfengna heimild til töku bráðabirgðarákvörðunar.

Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á eftirlit með upplýsingagjöf til neytenda við lántöku auk þess sem mál vegna kostnaðar af neytendalánum hafa verið fyrirferðamikil frá gildistöku núgildandi laga. Þar sem Neytendastofu hefur verið stefnt fyrir dómstóla vegna úrlausnar í slíku máli var ákveðið að leggja ekki jafn ríka áherslu á þau mál meðan niðurstaða fengist í dómsmálið. Hins vegar bárust Neytendastofu margar fyrirspurnir og kvartanir frá neytendum sem og Neytendasamtökunum vegna innheimtu vangoldinna neytendalána og var tekið til meðferðar mál gagnvart innheimtufyrirtæki vegna þessa. Til skoðunar kom markaðssetning innheimtufyrirtækisins í tilefni innheimtunnar sem og framsetning krafna í heimabönkum neytenda. Við



úrlausn málsins hjá Neytendastofu var litið sérstaklega til þess að viðskiptahættirnir beindust að viðkvæmum hópi neytenda. Sama mál kom til úrlausna Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á grundvelli innheimtulaga.

Tvö mál voru tekin til meðferðar þar sem til álita kom hvort notkun þjóðfána Íslendinga við markaðssetningu á vöru veitti villandi upplýsingar um uppruna vörunnar. Í öðru tilvikinu var með fullnægjandi hætti sýnt fram á réttmæti notkunar fánans en í hinu tilvikinu var látið af notkuninni.

Neytendastofa hélt áfram sérstökum skoðunum með vefsíðum þrátt fyrir að átaki fyrra árs væri lokið. Á þessu sinni voru tekin til meðferðar 24 mál vegna upplýsinga á vefsíðu. Svo virðist sem fyrra átak hafi skilað góðum árangri því í öllum tilvikum brugðust fyrirtækin við og gerðu úrbætur á vefsíðum sínum án þess að til þess kæmi að taka þyrfti bindandi stjórnvaldsákvörðun. Er það að mati stofnunarinnar mikil

framför. Neytendastofa hóf auk þessa að setja upp leiðbeiningar til vefverslana um skyldur sínar og réttindi neytenda í tengslum við sölu á netinu. Með leiðbeiningunum vonast stofnunin til þess að miklar umbætur verði á þessu sviði og að afgreiðslu málanna hjá Neytendastofu verði hraðað þar sem seljendur hafa greiðan aðgang að skýrum leiðbeiningum án beinnar aðkomu stofnunarinnar.

Verðmerkingareftirlit var sérstaklega öflugt yfir sumar tímamann þar sem stofnunin nýtti átak Vinnumálastofnunar vegna sumarstarfa námsmanna og réð sumarstarfsmann í verðmerkingareftirlit. Var á tímabilinu farið í verðmerkingareftirlit í ýmsum verslunargeirum á Akranesi, Akureyri, Reykjanesbæ, Sauðárkróki, Selfossi, Vestamannaeyjum og höfuðborgarsvæðinu. Eftirlitið er að miklu leyti grundvallað á ábendingum frá neytendum en fylgdi að þessu sinni einnig eftirliti með rafrettum.





Önnur verkefni

Á árinu var undirritaður samstarfssamningur við Fjölmíðlanefnd á grundvelli 5. mgr. 7. gr. laga nr. 38/2011, um fjölmiðla. Í samningnum er gerð grein fyrir starfssviðum hvorrar stofnunar fyrir sig, fjallað um verkskiptingu milli stofnananna og hvernig úr því skuli skorið hjá hvorri stofnuninni einstaka mál skuli tekin til skoðunar. Stofnanirnar hafa um árabíl átt gott samstarf, sérstaklega um málefni sem varða auðþekktanlegar auglýsingar, og er samningurinn aðeins formfesting á því en ekki breyting á fyrri framkvæmd.

Neytendastofa hefur ákveðið að aukin áhersla skuli lögð á mál sem snúa að umhverfisvernd og grænþvotti. Um er að ræða mjög mikilvægan málaflokk enda byggja neytendur ákvörðun sína um viðskipti í síauknum mæli á umhverfissjónarmiðum og því mikilvægt að neytendur geti treyst þeim upplýsingum sem þeim eru kynntar um vöru eða þjónustu. Árið 1994 voru gefnar út leiðbeiningar um auglýsingar og umhverfisvernd sem hafa fullt gildi þrátt fyrir að vera komnar til ára sinna en Neytendastofa telur þörf á að uppfæra þær og gera aðgengilegri fyrir fyrirtæki. Sú vinna er hafin, m.a. í samstarfi við systurstofnanir á Norðurlöndunum sem margar hverjar eru komnar mjög


langt með stefnu eftirlits síns í þessum málaflokki. Hjá Evrópusambandinu er jafnframt unnið að uppfærslu tilskipunar um óréttmæta viðskiptahætti og leiðbeininga með þeim. Þátttaka í norrænu og evrópsku samstarfi er að mati Neytendastofu mjög mikilvægur þáttur í því að samræma framkvæmd og eftirlit til þess að tryggja að hérland fyrirtæki standi eins að vígi og keppinautar þeirra á EES-svæðinu.

Neytendastofa lauk á árinu ákvörðun um umhverfisfullyrðingar í markaðssetningu flugelda. Gera má ráð fyrir að á næstu árum muni þessi málaflokkur skipa mun stærri sess í verkefnastöðu stofnunarinnar.

Auk þess að vinna að leiðbeiningum til seljenda í fjarsölu á netinu og að hefja undirbúning við uppfærslu leiðbeininga um umhverfisfullyrðingar í auglýsingum var á árinu hafin vinna við uppfærslu leiðbeininga Neytendastofu um auðþekktanlegar auglýsingar og er stefnt að birtingu þeirra árið 2022. Þá hefur stofnunin í auknum mæli lagt áherslu á að leiðbeina fyrirtækjum með almennum hætti áður en mál eru tekin til meðferðar, sbr. umfjöllun um leiðbeiningar til bílasala notaðra bifreiða.



Umsagnir



Stofnuninni bárust þrjár beiðnir um leyfi til notkunar þjóðfána Íslendinga í skráðu vörumerki. Ein þeirra var afturkölluð en veitt var leyfi í hinum tveimur tilvikunum. Skráðum lánamiðlurum fjölgaði um sex.

Umsagnir um lagafrumvörp voru færri á árinu en síðustu ár. Skýrist það af því að þingskosningar fóru fram á árinu og voru því færri frumvörp lögð fram en á venjulegu ári.



Yfirlit um afkomu ársins 2021

	2021	2020
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga	212.600.000	233.200.000
Aðrar tekjur	16.451.240	17.291.313
Seld þjónusta	26.687.053	29.077.874
Framlög og ýmsar tekjur	2.213.189	8.725.615
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	4.075.299	3.512.282
Tekjur alls	262.026.781	291.807.084
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	168.970.288	197.124.280
Annar rekstrarkostnaður	70.221.820	83.954.161
Afskriftir	4.075.299	3.512.282
Gjöld alls	243.267.407	284.590.723
Afkoma fyrir fjármagnsliði	18.759.374	7.216.361
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	38.782	32.018
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(22.021)	-(9.697)
Samtals	16.761	22.321
Afkoma ársins	18.776.135	7.238.682

Efnahagsreikningur, 31. desember 2021

	2021	2020
Eignir		
Fastafjármunir		
Áhöld, tæki og búnaður	13.796.032	15.730.112
Aðrar eignir	111.602	134.572
Fastafjármunir samtals	13.907.634	15.864.684
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	2.326.646	0
Tengdir aðilar	50.205.377	61.064.536
Aðrar kröfur og fyrirframgr. kostnaður	794.593	1.215.191
Handbært fé	10.855.523	7.411.065
Veltufjármunir samtals	64.182.139	69.690.792
Eignir samtals	78.089.773	85.555.476
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Hrein eign	47.941.728	29.165.593
Eigið fé samtals	47.941.728	29.165.593
Skuldir		
Tengdir aðilar	3.899.475	15.842.078
Viðskiptaskuldir	1.277.743	6.243.874
Ýmsar skammtímaskuldir	11.117.060	18.874.865
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	13.853.767	15.429.066
Skuldir samtals	30.148.045	56.389.883
Eigið fé og skuldir samtals	78.089.773	85.555.476

NEYTENDASTOFA

2022